

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2021

haldinn á Skjöldólfsstöðum, laugardaginn 24. apríl kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Þrastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka
 - Erindi Jens Garðars Helgasonar, frkvstj. Laxa fiskeldis
 - Erindi Jóns Kaldal, talsmanns Icelandic Wildlife Fund
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
 - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs
 - d. Kosning kjörbréfanefndar
9. Ráðstöfun veiðiréttar 2027-2031 og hækkun leigugjalds
10. Arðgreiðslur
11. Önnur mál

Þorvaldur P. Hjarðar formaður setti fund kl. 14.07 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Aðalstein I. Jónsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmæti hans en til fundarins var boðað með ábyrgðarbréfi þar sem ákvörðun um ráðstöfun veiðiréttar er á dagskrá. Enginn gerði athugasemd við fundarboðun eða lögmæti fundarins og að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Erindi gesta

Þröstur Elliðason, leigutaki og fyrirsvarsmannur Strengja

Þröstur Elliðason flutti sitt erindi og fór yfir veiðitölur frá síðasta ári sem var metár í Jöklu með 824 laxa. Stærsti laxinn 107 sm veiddist í Sjálfheldu innan við Blöndugerði. Annars var veiðin dræm neðst miðað við árin á undan og kannski er einhverra skýringa að leita í kvíslinni við Blöndubreiðu sem þornar upp með tilheyrandi seiðadauða. Mikilvægt sé að ráða bót á því. Þröstur sýndi fallegar veiðimyndir og rakti sig upp eftir ánni. Þó nokkrir nýir veiðistaðir komu inn eins og Sandlækjarbrot og Stapi á Jöklu I. Vel veiddist á Jöklu II og þar kom Malarsveigur m.a. inn sem nýr staður. Jökla II náði alveg upp í Tregluhyl sem áfram var efsti laxveiðistaður og gaf slatta af fiski síðasta sumar þegar kom fram í ágúst.

Þröstur sagði að reynsla síðasta sumars hefði sýnt honum að ræktun árinna væri loksins að skila sér. Hann hefði því farið að velta vöngum og komist að þeirri niðurstöðu að viskulegast væri að gera bróðurpartinn af ánni að einu veiðisvæði með 8-12 stangir sem rótera þannig að menn veiði hana alla á þremur dögum. Með þessu móti sé hægt að búa til hagkvæmari rekstrareiningu með stækkun á aðstöðunni í Hálsakoti. Markmiðið sé að 2022 verði hægt að kynna ána sem slíka og taka í notkun stækkun veiðihúss. En grunnsendan sé að félagið semji við hann um lengingu á gildistíma samnings um fimm ár.

Þröstur sagði hugmynd um að hefja notkun veiðibáts í sumar fyrir veiðimenn sem yrði látinn reka niður ána á völdum stöðum. Munu það aðallega vera franskir veiðimenn sem sækja í þetta. Hann sagði bókanir fyrir sumarið vera góðar þó að veiðileyfasalan gagnvart

útlendingum sé svolítið á sama stað og í fyrra þar sem allir eru með fyrirvara um Covid. Frakkar vita lítið og Bretar eru líka enn í óvissu um hvort þeir megi ferðast til útlanda í sumar. Meiri eftirspurn er hins vegar hjá Íslendingum og horfur því góðar heilt yfir. Markaðssetning hefur gengið vel og þó á enn eftir að sýna þátt breska sjónvarpsmannsins Jeremy Wade sem tekinn var upp síðasta sumar við frábærar aðstæður og verður hreint sölumyndband fyrir Jöklu. Hvað laxveiðin varðar sagðist Þröstur bjartsýnn á sumarið og líkur á stórlaxi á ferðinni í júlí þar sem mikið hefði verið af smálaxi í fyrra.

Fundarstjóri þakkaði Presti fyrir erindið og hélt áfram með dagskrá fundarins. Enginn fulltrúi kom frá Landsvirkjun eins og reiknað hafði verið með en Sindri Óskarsson stöðvarstjóri í Fljótsdalsstöð sendi eina glæru sem sýnir stöðu lónsins. Nýjustu tölur frá Landsvirkjun um vatnsbúskapinn í Háslóni eru ekki of góðar. Lónið stendur þremur metrum hærra en á sama tíma í fyrra og spáin hljóðar upp á yfirfall um miðjan ágúst. Fundarstjóri gaf næsta gesti orðið.

Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa fiskeldis, hafði verið boðið til fundarins til að segja frá fiskeldi á Austfjörðum. Tvö fyrirtæki að starfa hér fyrir austan, Laxar fiskeldi með sjókvíaeldi í Reyðarfirði og Fiskeldi Austfjarða með sjókvíaeldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Saman reka fyrirtækin Búlandstind á Djúpavogi þar sem laxinum er slátrað og hann unninn til útflutnings. Jens fór yfir matsferlið í kringum laxeldið hér á landi og hvernig Laxar standa að eldinu í sínum kvíum í Reyðarfirði. Hann sagði að rannsóknir varðandi eldið í Reyðarfirði hefðu ekki sýnt neitt sem hafa þyrfti áhyggjur af og að vöktun og eftirlit væri mjög mikið og velferð fisksins í fyrirrúmi. Hann ræddi eitt og annað varðandi laxeldið, um eignarhald og þau deilumál sem eru uppi. Hann talaði einnig um mikilvægi eldisins fyrir atvinnulíf á Austfjörðum og endaði á að bjóða stjórn veiðifélagsins velkomna í heimsókn til að kynna sér laxeldið með eigin augum.

Fundarstjóri þakkaði Jens fyrir erindið. Næst átti að tala Jón Kaldal frá Icelandic Wildlife Fund til að segja frá þeirra sjónarmiðum um laxeldið. Hann varð hins vegar að afboða sig á síðustu stundu en verður boðið aftur að ári.

Var nú gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Atkvæðaskrá hafði verið send út með fundarboði og ekki komið fram athugasemdir við hana, alls 74 atkvæði. Hallgrímur Þórhallsson, fulltrúi kjörbréfanefndar, var búinn að fara yfir umboð og mætingu. Hann kynnti niðurstöðu nefndarinnar. Mættir á þennan aðalfund voru 16 manns með gestum í sal á Skjöldólfsstöðum. Atkvæði teljast 23, þar af eru skrifleg umboð 14. Fjórir veiðiréttarhafar til viðbótar tengdust fundinum gegnum netið og Zoom en enginn þeirra var atkvæðisbær né hafði skilað umboði til fundarmanna á staðnum. Sjá nánar um atkvæði í fylgiskjali 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá eiganda Litla-Bakka	1 atkv.
Halla Eiríksdóttir	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaða 3	2 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eigendum Hjarðarhaga	1 atkv.
-	umboð frá eigendum Laugarvalla	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Geirastaða 2	1 atkv.
Agnar Benediktsson	umboð frá ábúanda Hofteigs	1 atkv.
Aðalsteinn Jónsson	umboð frá eiganda Klaustursels	1 atkv.
Þórarinn Hrafnkelsson	umboð frá eiganda Sleðbrjóts hf.	4 atkv.

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

Hallgrímur Þórhallsson	ábúandi Skriðuklaustri	1 atkv.
Agnar Benediksson	eigandi Hvannár II	1 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	eigandi Vörðubrunar	1 atkv.
Guðmundur Ólason	eigandi Hrólfsstaða	1 atkv.
Snæbjörn Ólason	eigandi Hauksstaða	1 atkv.
Sigurður H. Jónsson	eigandi Mælivalla og Skuggahlíð	2 atkv.
Gestur Hallgrímsson	eigandi Stóra-Bakka og ábúandi Blöndubakka	2 atkv.

Engar athugasemdir voru gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

3. Skýrsla stjórnar

Þorvaldur P. Hjarðar formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Dreift hafði verið ársreikningi félagsins og var hann einnig aðgengilegur þeim sem sátu í fjarfundi, sjá fylgiskjal 3. Ársreikningur hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Halla gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi 2020.

Helstu niðurstöðutölur eru þessar:

Rekstrartekjur	3.393.358 kr.
Rekstrargjöld	375.837 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>-8.321 kr.</u>
Afgangur ársins	3.009.200 kr.

Eigið fé í árslok 6.149.605 kr.

Fundarstjóri bar það undir fundinn að færa 10. dagskrárlið og afgreiða hann hér í dagskránni þar sem þær tillögur sem þar kæmu fram frá stjórn snertu bæði ársreikning og fjárhagsáætlun. Var það samþykkt.

10. Arðgreiðslur

Þorvaldur formaður gerði grein fyrir tillögum stjórnar um arðgreiðslur. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fresta ákvörðun um innheimtu umsaminna leigugreiðslna fyrir árið 2020 til þessa aðalfundar vegna óvissu með veiðileyfasölu út af heimsfaraldri. Stjórn leggur eftirfarandi til við fundinn:

a. Að umsamdar leigugreiðslur fyrir árið 2020 verði innheimtar að fullu og 60% af þeim leigutekjum verði greiddar út fyrir árslok með arðgreiðslum fyrir árið 2021.

b. Að 60% af leigutekjum 2021 verði greiddar út sem arður fyrir árslok 2021.

Þessar tillögur voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Engar umræður urðu um ársreikning og skýrslu stjórnar. Fundarstjóri bar ársreikninginn undir atkvæði. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða með handauppréttingu.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2021, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur	3.500.000 kr.
Rekstrargjöld	2.280.000 kr.
Fjármagnstekjur	25.000 kr.
Rekstrarafgangur ársins	1.245.000 kr.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að áin verði veiðanleg amk. 50 daga og reiknast leigutekjur út frá því. Einnig er gert ráð fyrir að 1 m.kr. styrkur fáiist úr Fiskræktarsjóði til bæta aðgengi við ána og laga fiskveg þar sem þarf. Útgjöld til framkvæmda eru áætluð í samræmi við það en jafnframt gert ráð fyrir 300 þús. í launakostnað vegna starfsmanns ef að tekst að ráða námsmann til að vinna fyrir félagið í sumar gegnum átaksverkefni yfirvalda. Áfram er gert ráð fyrir að landeigendur geti sótt um styrki til framkvæmda til stjórnar og er eyðublað fyrir það á heimasíðu félagsins.

Engar umræður urðu um fjárhagsáætlun og var hún samþykkt samhljóða.

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinum.

8. Kosningar:

a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum í sæti tveggja aðalmanna í stjórn en þau Halla Eiríksdóttir og Lárus Brynjar Dvalinsson hafa lokið þriggja ára setu. Þau gefa bæði kost á sér áfram. Enginn annar bauð sig fram. Halla og Lárus Brynjar klöppuð inn í stjórn til næstu 3ja ára.

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Á síðasta aðalfundi fór fram skrifleg kosning varamanna. Agnar Benediktsson 1. varamaður Þorsteinn Gústafsson 2. varamaður og Stefanía Karlsdóttir 3. varamaður. Þau gefa öll kost á sér áfram. Enginn önnur framboð komu fram. Agnar, Þorsteinn og Stefanía klöppuð inn sem varamenn næsta árið.

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Arnór Benediktsson og Snæbjörn Ólason hafa beðist undan endurkjöri en Sólrún Hauksdóttir og Ragnar Antonsson hafa gefið kost á sér sem aðalskoðunarmenn og Benedikt Arnórsson til vara. Samþykkt samhljóða.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru endurkosnir: Hallgrímur Þórhallsson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Benedikt Arnórsson og Bragi Steinar Björgvinsson kosnir til vara.

9. Ráðstöfun veiðiréttar

Þorvaldur formaður gerði grein fyrir samningsviðauka við núgildandi samnings veiðifélagsins við Strengi. Í viðaukanum er kveðið á um þrjú atriði:

A. Breyting á 1. gr. samnings.

Að gildistími leigusamnings lengist um fimm ár og að samningurinn gildi til 31. desember 2031 í stað 31. desember 2026.

B. Breyting á 2. gr. samnings.

Að uppreiknað grunngjald leigu hækki um 100% árið 2022 og hækki síðan til samræmis við gildandi samning um 10% 2023 og 2024, og um 15% 2025 og 2026.

C. Að árið 2026 verði gert nýtt samkomulag byggt á reynslu síðustu 5 ára um hærri leigugjald fyrir árin 2027-2031.

Varpað var upp útreikningum sem sýna hverju þessi hækkun á grunngjaldi skilar í auknum leigutekjum á næstu árum. Að hálfu leigutaka er lenging á samningstíma forsenda þess að hann geti ráðist í viðeigandi framkvæmdir við Hálsakot til að stækka aðstöðuna með það að markmiði að fjölga stöngum úr 8 í 12 og hafa alla ána undir.

Stjórn hafði undirritað samningsviðaukann með fyrirvara um samþykki félagsfundar. Fundarstjóri bar samningsviðaukann undir fundinn. Var hann samþykktur samhljóða.

11. Önnur mál

Pröstur Elliðason kvaddi sér hljóðs. Hann þakkaði veiðiréttarhöfum fyrir traustið sem fælist í því að samþykkja framlengingu á samningi við Strengi til 2031. Hann sagði að það gerði sér kleift að fara í framkvæmdir strax í sumar með það fyrir augum að opna stærri og betri aðstöðu fyrir veiðimenn vorið 2022. Vonaðist hann til að geta boðið aðalfundargestum á næsta ári í heimsókn í stækkað Hálsakot.

Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri sagði sig frá störfum. Þorvaldur formaður þakkaði fyrir góðan fund og sagði sitt mat að fundurinn hefði afgreitt þörf og góð mál sem treystu veiðirétt í Jöklu til framtíðar.

Formaður sleit fundi kl. 15.45.

Aðalsteinn Jónsson fundarstjóri

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 24. apríl 2021

1. Blöndugerði	<i>Landeigandi</i>	
2. Blöndubakki	<i>Ábúandi</i>	Gestur Hallgrímsson
3. Stóri-Bakki	<i>Landeigandi</i>	Gestur Hallgrímsson
4. Árbakki	<i>Landeigandi</i>	
5. Litli-Bakki	<i>Landeigandi</i>	Skúli Björn Gunnarsson umboð
6. Hrærekslækur	<i>Landeigandi</i>	
7. Galtastaðir út	<i>Landeigandi</i>	
8. Geirastaðir II	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
9. Húsey I	<i>Ábúandi</i>	
10. Húsey II	<i>Ábúandi</i>	
11. Valþjófsstaður	<i>Landeigandi</i>	
12. Aðalból	<i>Ábúandi</i>	
13. Vaðbrekka	<i>Ábúandi</i>	
14. Skriðuklaustur	<i>Ábúandi</i>	Hallgrímur Þórhallsson
15. Klaustursel	<i>Landeigandi</i>	Aðalsteinn I. Jónsson
16. Merki	<i>Ábúandi</i>	
17. Arnarhóll	<i>Ábúandi</i>	
18. Arnórsstaðapartur	<i>Landeigandi</i>	
19. Gauksstaðir	<i>Landeigandi</i>	
20. Mælivellir	<i>Landeigandi</i>	Sigurður H. Jónsson
21. Skuggahlíð	<i>Landeigandi</i>	Sigurður H. Jónsson
22. Hnefilsdalur I	<i>Landeigandi</i>	
23. Hnefilsdalur II	<i>Landeigandi</i>	
24. Smáragrund	<i>Landeigandi</i>	
25. Skeggjastaðir	<i>Landeigandi</i>	
26. Refshöfði	<i>Landeigandi</i>	
27. Teigasel	<i>Landeigandi/Ábúandi</i>	
28. Gil	<i>Landeigandi</i>	
29. Hrúthamrar	<i>Landeigandi</i>	
30. Hauksstaðir	<i>Landeigandi</i>	Snæbjörn Ólason
31. Hrólfsstaðir	<i>Landeigandi</i>	Guðmundur Ólason
32. Hvanná I	<i>Landeigandi</i>	
33. Hvanná II	<i>Landeigandi</i>	Agnar Benediktsson
34. Hvanná III	<i>Landeigandi</i>	
35. Hofteigur	<i>Ábúandi</i>	Agnar Benediktsson umboð
36. Hjarðargrund	<i>Landeigandi</i>	
37. Hjarðarhagi	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar
38. Skjöldólfsstaðir I	<i>Landeigandi</i>	
39. Skjöldólfsstaðir II	<i>Landeigandi</i>	
40. Gilsá	<i>Landeigandi</i>	
41. Arnórsstaðir I og II	<i>Landeigandi</i>	
42. Arnórsstaðir III	<i>Landeigandi</i>	Halla Eiríksdóttir umboð
43. Hákonarstaðir I	<i>Landeigandi</i>	Halla Eiríksdóttir umboð
44. Hákonarstaðir II	<i>Landeigandi</i>	
45. Hákonarstaðir III	<i>Landeigandi</i>	Halla Eiríksdóttir umboð
46. Langagerði	<i>Landeigandi</i>	Halla Eiríksdóttir umboð
47. Breiðilækur	<i>Landeigandi</i>	
48. Grund	<i>Landeigandi</i>	
49. Eiríksstaðir	<i>Ábúandi</i>	
50. Brú	<i>Landeigandi</i>	
51. Laugavellir	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð

52. Eyjasel	<i>Landeigandi</i>	
53. Hólmátunga	<i>Landeigandi</i>	
54. Torfastaðir	<i>Landeigandi</i>	
55. Árteigur	<i>Landeigandi</i>	
56. Hnitbjörg	<i>Landeigandi</i>	
57. Bláeyri/Fagrahlíð	<i>Landeigandi</i>	
58. Hlíðarhús	<i>Landeigandi</i>	
59. Sleðbrjótssel	<i>Landeigandi</i>	
60. Mássel	<i>Landeigandi</i>	
61. Sleðbrjótur I	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
62. Sleðbrjótur II	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
63. Breiðamörk I	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
64. Breiðamörk II	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
65. Surtssstaðir	<i>Landeigandi</i>	
66. Hallgeirsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
67. Vörðubrún	<i>Landeigandi</i>	Lárus Brynjar Dvalinsson
68. Hrafnabjörg I	<i>Landeigandi</i>	
69. Hrafnabjörg II	<i>Landeigandi</i>	
70. Hrafnabjörg III	<i>Landeigandi</i>	
71. Hrafnabjörg IV	<i>Landeigandi</i>	
72. Fossvellir I	<i>Landeigandi</i>	
73. Fossvellir II	<i>Landeigandi</i>	
74. Selland	<i>Landeigandi</i>	

Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
flutt af formanni á aðalfundi félagsins 24. apríl 2021

Stjórn félagsins síðasta árið skipuðu: Þorvaldur P. Hjarðar formaður
Skúli Björn Gunnarsson ritari
Halla Eiríksdóttir gjaldkeri
Gestur Jens Hallgrímsson og
Lárus Brynjar Dvalínsson meðstjórnendur

Varamennirnir, Agnar Benediktsson, Þorsteinn P. Gústafsson og Stefanía Karlsdóttir, voru boðaðir á alla stjórnarfundum og sátu marga þeirra. Haldnir voru sjö formlegir stjórnarfundir á starfsárinu og fóru allir vel fram en hluti fundarmanna var oft í fjarsambandi gegnum Zoom vegna sóttvarnartilmæla.

Félagsstarfið

Félagið fékk 500 þús. kr. úr Fiskræktarsjóði til að halda áfram að bæta aðgengi og merkingar við ána í samvinnu við landeigendur. Búið var til eyðublað fyrir landeigendur til að sækja um styrki fyrir framkvæmdum og settar almennar reglur um úthlutun, s.s. að styrkur nemi að hámarki 50% af kostnaði og að sótt sé um styrk áður en hafist er handa því að stjórn getur orðið að forgangsraða verkefnum. Stjórn ákvað ekki yrði hægt að sækja um meira 200 þús. kr. styrk. Eyðublað og reglur eru aðgengileg á heimasíðu félagsins jokla.org.

Fréttabréfið var með hefðbundnu sniði og gefið út í júní. Tiltektardagur veiðifélagsins var haldinn sunnudaginn 28. júní. Byrjað var á grilli í Hálsakoti og síðan farið í tiltekt og boðið upp á veiði á völdum stöðum að höfðu samráði við leigutaka. Stjórn sá um útfærslu og skipulag dagsins í samráði við veiðivörð en í vikunni á eftir kom vinnuhópur frá Landsvirkjun sem fór í að laga veiðistíga og fleira. Auglýst var eftir áhuga í fréttabréfinu fyrir námskeiðum í að kasta flugu en viðbrögð voru lítil og ekki bætti Covid úr skák þannig að ekkert varð úr áformuðu framhaldskastnámskeiði til að byggja upp veiðimenninguna á svæðinu. Við sjáum hvað setur á þessu ári.

Landsambandið

Aðalfund Landsambands veiðifélaga átti að halda í Þingeyjarsýslum árið 2020 en var frestað og að lokum haldinn á Hótel Sögu þar sem hægt var að horfa á hann í fjarfundi en ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu nema mæta í eigin persónu. Veiðifélög á Austurlandi áttu að tilnefna stjórnarmann í stjórn sambandsins til 3ja ára og hafði formaður Veiðifélags Jöklu samband við veiðifélögin í Vopnafirði vegna þess. En stjórn landsambandsins hafði þá þegar fengið sr. Gunnlaug Stefánsson til að vera fulltrúa austfirsku félaganna og var hann kjörinn á aðalfundinum. Við vorum ekki sáttn við þessa afstöðu og formaður lét vita af því enda sérstæð stjórnsýsla hjá Landsambandi veiðifélaga svo ekki sé meira sagt.

Veiðin

Sumarinn 2020 var veiðisumarið mikla en veiði í Jöklu hefur aldrei verið meiri. Alls veiddust 870 laxar á veiðisvæðinu að Fögruhlíðará meðtalinni en allt nema 46 fiskar komu á land úr Jökulsánni sjálfri. Silungsveiði var heldur minni en árið á undan. Yfirfallið kom hálfum mánuði seinna en síðustu tvö sumur, ekki fyrr en 22. ágúst og var að mestu búið kringum 18. september þannig að áin varð aftur veiðanleg í lok veiðitímans. Hólaflúð og Húsármót voru aflahæstu veiðistaðirnir og óvenjugóð veiði var á Jöklu 2. Stærð fiska var með ágætum og t.a.m. veiddust þrír laxar yfir 100 cm – hundraðkallar. Dræm veiði var á neðsta svæði, þ.e. neðan við brú kringum Laxá og Fossá. Efsti veiðistaður var eins og áður við Ósa Treglu milli Merkis og Hákonarstaða. Svo virðist sem Kastið sem er þar ofan við sé hindrun en það vantar að veiða meira á Efri-Dal til að fá betri reynslu. Grípa þarf til markvissari könnunar á þessu efsta svæði þegar kemur fram í ágúst í ár til að ganga úr skugga um hvort laxinn fari framhjá þessari þrengingu eða ekki.

Yfir 50 þús. eins árs seiðum var sleppt í Jöklu árið 2020 og gönguseiðum í þverár. Veiðimenn sumarið 2020 voru 80-90% Íslendingar en erlendir veiðimenn voru í u.þ.b. hálfan mánuð á

aðalveiðitíma. Miðað við bókanir hjá leigutaka munu fleiri Íslendingar skili sér næsta sumar þar sem áin spurðist vel út og margir prófuðu hana síðasta sumar auk þess sem veiðitölurnar spilltu ekki fyrir. Bókanir útlendinga eru einnig meiri en vanalega að sögn leigutaka.

Farvegurinn

Jökla er smátt og smátt að finna sinn endanlega farveg í malareyrunum frá Blöndugerði og út að Héraðsflóa. Teknar voru myndir af þessu svæði með dróna 10. október til að skoða rennslið. Víðast hvar er áin farin að bugðast vel og hefur grafið sig niður um jafnvel nokkra metra en á örfáum stöðum ryður hún undir sig mól og fer í margar kvíslar sem verða afar vatnslitlar. Áður hefur verið rætt um óæskilegt rennsli gegnum eyri neðan við Blöndubakka og að þar hafi dauð seiði sést í hálfþurrum tjörnum. Stjórn ætlar að ræða við sérfræðinga hjá Haf og vatn hvort rétt sé að hjálpa ánni við að komast í endanlegan farveg með minniháttar framkvæmdum og loka einhverjum kvíslum.

Erindi vegna efnistöku bárust frá landeigendum Litla Bakka, Hvannár og Skeggjastaða og voru afgreidd í samræmi við lög og reglur. Bókað var að stjórn veiðifélagsins gerði ekki athugasemdir við þessa efnistöku enda væri hún utan við meginfarveg árinna og veiðisvæði.

Fiskeldið

Umræða um fiskeldi var tekin á stjórnarfundum vegna nýrra áætlana um aukið fiskeldi í Seyðisfirði. Veiðifélagin í Vopnafirði höfðu þá þegar ályktað gegn stækkun þess eldis. Stjórn fól þorvaldi og Þorsteini að ræða við formenn annarra veiðifélaga á Héraði um að koma að sameiginlegri ályktun. Slík ályktun var síðan send í nafni veiðifélaganna. Formaður sat fund um laxeldismál á Egilsstöðum í vetur og hitti þar Jón Kaldal og Jens Garðar Helgason sem talsmenn andstæðra skoðana. Þeim var í framhaldinu boðið á aðalfund félagsins til að kynna ólík sjónarmið um fiskeldið á Austfjörðum.

Samningar við leigutaka

Leigutaki sendi stjórn erindi í febrúar um að fá staðfesta framlengingu á núgildandi leigusamningi fram til 2031 til þess að geta ráðist í stækkun á veiðihúsbyggingum í Hálsakoti. Var það í samræmi við hugmyndir sem Þröstur Elliðason hafði rætt á stjórnarfundum nokkru fyrr um að hagstæðara væri að hafa ána sem eitt svæði með 8-12 veiðistöngum og stærri fullbúinni rekstrareiningu í Hálsakoti. Niðurstaðan úr viðræðum stjórnar og leigutaka var að grunngjald núgildandi samnings yrði tvöfaldað árið 2022 en héldi jafnframt árlegum samningsbundnum prósentuhækkunum. Samningurinn framlengdist um fimm ár en árið 2026 yrði leigugjaldið endurskoðað. Að öðru leyti standi ákvæði samningsins frá 2018.

Stjórn undirritaði samningsviðauki milli veiðifélagsins og leigutaka sem kveður á um þessar breytingar. Hann tekur hins vegar ekki gildi nema aðalfundur samþykki hann en það er álit stjórnar að þetta sé farsælt fyrir félagið og tryggi áframhaldandi uppbyggingu á ánni og meiri leigutekjur til veiðiréttarhafa.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fresta ákvörðun um innheimtu á leigugjaldi fyrir 2020 vegna þess að óvissa heimsfaraldursins vofði yfir. Ekkert erindi barst frá leigutaka um afslátt á leigugjaldi síðasta árs og leggur stjórn til við aðalfundinn að leigugjald 2020 verði greitt að fullu í samræmi við gildandi samning og reiknireglu. Veiðiréttarhafar eiga því von á að fá arðgreiðslur tveggja ára í lok þessa árs.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka sem og öðrum fyrir gott samstarf á árinu. Veiðirétturinn er mikilvægur fyrir jarðirnar enda má ekki selja veiðihlunnindi undan jörðum samkvæmt landslögum. Veiðiréttur í Jöklu verður verðmætari með hverju ári og verður vonandi þegar fram líða stundir mikilvæg búbót fyrir bændur við ána.

*Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
Þorvaldur P. Hjarðar formaður*

**Veiðifélag
Jökulsár á Dal.
Kt. 61.12.06-0700.**

Ársreikningur 2020.



Skýrsla stjórnar.

Félagið var stofnað árið 2006, til að annast umsýslu með veiðimálum og öðru því viðkomandi, við Jökulsá á Dal.

Á árinu 2020 var nær ekkert framkvæmt. Farið í ruslahreinsun, útgáfa fréttabréfs og annar almennur rekstur, en ekki arðsúthlutun.

Ákveðið að fresta arðsúthlutun vegna óvissu með uppgjör á leigu fyrir ána, en það komst á endanum á hreint og þess vænst að leigan verði greidd á árinu í ár.

Áin fór fyrir á yfirfall en áður, en opnaðist svo aftur í haust og leigutekjurnar voru lengi í óvissu, en nú er það afgreitt.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu, samtals að upphæð kr. 3.009.200 og eigið fé félagsins í árslok var kr. 6.149.605.

Engin laun voru greidd á árinu, en verktakapjónusta keypt eftir því sem þurfti. Ekki eru gerðar tillögur um útborgun þóknunar til stjórnarmanna og afkoma ársins flutt óráðstöfuð til næsta árs, inná afkomu fyrri ára.

Egilsst. 20. apríl 2021.
Í stjórn veiðifélags Jökulsár á Dal.

Forv. P. Björnsson
220252-3629

Hallur Arnaldsson 808592845

Ólafur P. Pálsson 2609704459

Ólafur P. 240370-3799

Egill Pálsson 020968-5079

Til stjórnar í veiðifélagi Jökulsár á Dal.


Undirritaður hefur samið ársreikning þennan eftir bókhaldi félagsins, öðrum gögnum þess og upplýsingum frá stjórn félagsins.

Bókhaldið er fremur fábreytt, en unnið var að ýmsum verkefnum hjá félaginu, eftir því sem félagsfundir og stjórn ákváðu, hverju sinni.

Ársreikningurinn sem er á 6 blaðsíðum, hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt áritun bókara og er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. des. 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reiknings-skilavenju.

Egilsstöðum 20. apríl 2021.


Sigurjón Jónsson.

Áritun skoðunarmanna:

Arnar Benediktsson
Snaeljórn V. Ólafsson

Rekstrarreikningur 2020

Veiðifélag Jökulsár á Dal

Tekjur	2020	2019
Leiga, (veiðifél. Strengir ehf.)	2.893.358	1.700.000
Styrkur, Fiskræktarsjóður	500.000	0
Aðrar tekjur	0	0
Samtals tekjur	3.393.358	1.700.000
Rekstrargjöld	2020	2019
Lagfæring á laxastiga	0	148.800
Námskeið og tiltekt á svæðinu	28.856	34.965
Ferðakostnaður	0	20.870
Skiltagerð	0	0
Veiðikortagerð	35.960	0
Styrkveitingar í slóðagerð	100.000	0
Kostn. við minkaveiðar	0	0
Fréttabréf og vefkostnaður	37.015	55.463
Árgj. landssamb. og leyfisgjöld	62.118	50.214
Fundarkostn. Félags- og aðalfundir	22.500	76.570
Bókhald og lögfræðipjónusta	89.388	85.189
Burðargjöld og fleira smálegt	0	13.490
Samtals rekstrarkostn.	375.837	485.541
Rekstrartap/-hagn. fyrir fjármagnsliði	3.017.521	1.214.459
Fjárm.tekjur og gjöld		
Vaxtatekjur	21.786	138.539
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	-4.783	-30.471
Vaxtagjöld ársins	-25.324	-15.984
Fjármagnsliðir samtals:	-8.321	92.084
Hagn./-Tap ársins	3.009.200	1.306.543

Efnahagsreikn. 31.12. 2020*Veiðifélag Jökulsdár á Dal.*

Eignir:	2020	2019
Veltufjármunir:		
Bankareikningur nr. 6100	2.074.383	0
Bankabók nr. 000696	2.008.453	5.008.126
Bók nr. 110239 (arðsreikn.)	100.172	100.133
Millireikningur í Arion banka hf.	327	7.651
Inneign hjá Logg ehf.	60.900	60.900
Inneign Sævar Örn Georgsson	10.697	10.697
Inneign hjá Streng	2.293.358	0
Veltufjármunir samtals	6.548.290	5.187.507
Eignir samtals	6.548.290	5.187.507

Skuldir og eigið fé:**Skammtímaskuldir:**

Skuld á tékkareikningi	0	1.439.275
Ógreiddur styrkur (Hofteigur ehf.)	0	0
Skuld við gjaldkera	0	0
Skuld við fyrrv. gjaldkera	14.415	14.415
Austurverk ehf.	0	148.800
Lögm.st. Sókn	0	12.152
Þorvaldur Hjarðar	0	22.270
Skúli Björn Gunnarsson	0	25.920
Óútborgaður arður 2018	79.805	79.805
Óútborgaður arður 2019	304.465	304.465
Skammtímaskuldir samtals	398.685	2.047.102

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 1. jan.	3.140.405	5.833.862
Arðsúthlutun 2018	0	-4.000.000
Hagnaður/-tap ársins	3.009.200	1.306.543
Skattar, útværpsréttargjald	0	0
Eigið fé samtals	6.149.605	0
Eigið fé samtals	6.149.605	0

Skuldir og eigið fé samtals	6.548.290	0	5.187.507
------------------------------------	------------------	----------	------------------

Yfirlit yfir sjóðstreymi árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		3.009.200	1.306.543
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		0	0
Veltufé frá (til) rekstrar		3.009.200	1.306.543
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		-2.293.358	-10.697
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		-1.648.417	1.655.703
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		-3.941.775	1.645.006
Handbært fé frá (til) rekstrar		-932.575	2.951.549
Fjármögnunarahreyfingar:			
Kaupverð fastafjármuna		0	0
Ný langtímalán		0	0
Langtímalán, hækkun (lækkun)		0	0
Arðsúthlutun 2018		0	-4.000.000
Beinir skattar, útv.r.gjald		0	0
Fjármögnunarahreyfingar		0	-4.000.000
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		-932.575	-1.048.451
Handbært fé í ársbyrjun		5.115.910	6.164.361
Handbært fé í árslok		4.183.335	5.115.910

Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

lögð fyrir aðalfund 24. apríl 2021

	Áætl. 2021	Raun 2020	Áætl. 2020	Raun 2019	Raun 2018
Eigið fé í ársbyrjun	6.149.605	3.140.405	3.140.405	5.833.862	6.773.725
Tekjur:					
Leigutekjur	2.500.000	2.893.358	2.284.335	1.700.000	1.814.070
Aðrar tekjur	1.000.000	500.000	500.000	0	500.000
Tekjur alls	3.500.000	3.393.358	2.784.335	1.700.000	2.314.070
Gjöld:					
Fundakostnaður	150.000	22.500	100.000	97.440	152.747
Laun stjórnar		0			
Launakostn. v. verkefna	300.000				
Bókhald og lögfræðipjónusta	90.000	89.388	80.000	85.169	71.787
Arðskrárgerð		0			
Sérfræðipjónusta	50.000	0			
Framkvæmdir					
Merkingar veiðistaða	300.000	28.856	100.000		540.000
Veiðivegir og stígar	500.000	100.000	500.000		1.099.148
Fiskvegir	600.000	0	100.000	148.800	
Útgáfa og innra félagsstarf					
Fréttabréf og heimasíða	80.000	37.015	60.000	55.463	33.243
Veiðikort	120.000	35.960			113.462
Námskeið o.fl.	30.000	0	25.000	34.965	
Eyðing vargs		0		0	211.000
Annar kostnaður	60.000	62.118	70.000	63.704	40.104
Gjöld alls	2.280.000	375.837	1.035.000	485.541	2.261.491
Fjármagnst. & gjöld	25.000	8.321	50.000	92.084	96.000
Rekstraraufg.(halli)	1.245.000	3.009.200	1.799.335	1.306.543	148.579
Arðsúthlutun leigu ársins	-3.236.015	0		-1.020.000	-1.088.442
Arðsúthlutun höfuðstól		0		-2.980.000	
Ógr. arður á vörslureikn.		384.270		384.270	
Eigið fé í árslok	4.158.590	6.149.605		3.140.405	5.833.862